

Forsetakjör 1. júní 2024

Presidential election 1 June 2024

Samantekt


Forsetakjör fór fram 1. júní 2024. Við kosningarnar voru alls 266.778 á kjörskrá eða 69,1% landsmanna. Af þeim greiddu 215.635 atkvæði eða 80,8% kjósenda. Kosningabátttaka kvenna var 83,3%, karla 78,3% og kynseins/annars 67,1%. Hlutfall utankjörfundaratkvæða af greiddum atkvæðum var 25,0% samanborið við 31,1% í forsetakosningunum 2020.

Tólf frambjóðendur voru í kjöri til embættis forseta Íslands. Úrslit forsetakjörs urðu þau að Halla Tómasdóttir hlaut flest atkvæði, 73.184 eða 34,1% gildra atkvæða, og var hún því kjörin forseti Íslands fyrir tímabilið frá 1. ágúst 2024 til 31. júlí 2028.

MYND 1

Úrslit forsetakjörs eftir frambjóðendum 2024

Hlutfall af gildum atkvæðum



Inngangur

Tölulegt efni sem tengist forsetakosningunum 1. júní 2024 er til umfjöllunar í þessum Hagtíðindum. Gerð er grein fyrir framkvæmd og niðurstöðum kosninganna ásamt skiptingu atkvæða niður á frambjóðendur. Einnig er gerð grein fyrir tölum um aðstoð við kosningu ásamt kjörsókn bæði eftir aldri og bakgrunni. Að lokum er farið yfir tölur um kjósendur og greidd atkvæði á kjörfundi og utan kjörfundar ásamt gildum og ógildum atkvæðum.

Framkvæmd forsetakjörs og úrslit

Guðni Th. Jóhannesson, þáverandi forseti Íslands, tilkynnti í nýársávarpi sínu 1. janúar 2024 að hann yrði ekki í framboði eftir að hafa gegnt embættinu frá árinu 2016.

Samkvæmt nýjum kosningalögum frá 2021 skal forsetakjör fara fram fjórða hvert ár fyrsta laugardag í júnímánuði sem ekki ber upp á laugardag fyrir hvítasunnu en þá skal kjósa viku síðar. Landskjörstjórn auglýsir kosninguna eigi síðar en þremur mánuðum fyrir kjördag og tiltekur hámarks- og lágmarkstölu meðmælenda forsetaefnis úr hverjum landsfjórðungi í réttu hlutfalli við kjósendatölu þar.

Í auglýsingu landskjörstjórnar frá 23. febrúar 2024 var kveðið á um framboð og kjör forseta Íslands. Þar sagði meðal annars:

„Kjör forseta Íslands fer fram laugardaginn 1. júní 2024. Framboðum til forsetakjörs skal skila til landskjörstjórnar ásamt samþykki forsetaefnis og nægjanlegri tölu meðmælenda eigi síðar en kl. 12 á hádegi 26. apríl 2024. Hver íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 35 ára aldri er kjörgengur til forseta Íslands. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1.500 kosningarbærra manna en mest 3.000. Frá og með 1. mars 2024 verður hægt að safna meðmælum með rafrænum hætti.“

Í auglýsingunni var kveðið á um hvernig meðmælendur skiptust eftir landsfjórðungum:

- úr Sunnlendingafjórðungi minnst 1.233 meðmælendur en mest 2.465.
- úr Vestfirðingafjórðungi minnst 56 meðmælendur en mest 112.
- úr Norðlendingafjórðungi minnst 157 meðmælendur en mest 314.
- úr Austfirðingafjórðungi minnst 54 meðmælendur en mest 109.

Landskjörstjórn birti í kjölfarið þann 2. maí nöfn þeirra tólf frambjóðenda sem uppfylltu ofangreind skilyrði en þeir voru í stafrófsröð: Arnar Þór Jónsson, Ásdís Rán Gunnarsdóttir, Ástþór Magnússon Wium, Baldur Þórhallsson, Eiríkur Ingi Jóhannsson, Halla Hrund Logadóttir, Halla Tómasdóttir, Helga Þórisdóttir, Jón Gnarr, Katrín Jakobsdóttir, Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir og Viktor Traustason.

Eftir kosningadag þann 2. júní auglýsti landskjörstjórn niðurstöður kosninganna. Þar sagði meðal annars: „Landskjörstjórn hafa borist niðurstöður talningar frá yfirkjörstjórnunum Norðvesturkjördæmis, Norðausturkjördæmis, Suðurkjördæmis, Suðvesturkjördæmis, Reykjavíkurborgkjördæmis suður og Reykjavíkurborgkjördæmis norður. Fjöldi kjósenda á kjörskrá er birtur með fyrirvara um leiðréttingar sem gerðar hafa verið á kjörskrá eftir útgáfu hennar þann 26. apríl. Landskjörstjórn mun koma saman þann 25. júní nk. til þess að úrskurða um gildi ágreiningsatkvæða og lýsa úrslitum kosninganna, sbr. 120. gr. kosningalaga. Vakin er athygli á því að úrskurður landskjörstjórnar kann að hafa áhrif á endanlegan fjölda gildra atkvæða.“

Þann 25. júní kom landskjörstjórn saman á ný og lýsti úrslitum forsetakjörs. Þar sagði: „Þann 25. júní 2024 kvað landskjörstjórn upp úrskurði sína um gildi ágreiningsseðla við forsetakjör þann 1. júní síðastliðinn og undirritaði svohljóðandi staðfestingu á úrslitum forsetakjörs: „Landskjörstjórn gjörir kunnugt: Kjör forseta Íslands fór fram 1. júní 2024. Við kjörið var í hvívetna gætt ákvæða stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33, 17. júní 1944 og kosningalaga nr. 112, 25. júní 2021. Halla

Tómasdóttir hefur verið löglega kjörin forseti. Hún fullnægir skilyrðum stjórnarskrár lýðveldisins um kjör forseta Íslands. Samkvæmt þessu lýsir landskjörstjórn yfir að Halla Tómasdóttir er rétt kjörin forseti Íslands um kjörtímabil það er hefst 1. ágúst 2024 og lýkur 31. júlí 2028.¹ Fylgi frambjóðenda og úrslit má sjá á mynd 1.

MYND 2

Kjósendur sem fengu aðstoð við forsetakosningar 2024

	Alls	Karlar	Konur
Alls	1.139	457	672
Aðstoð kjörstjóra	664	246	408
Aðstoð fulltrúa að eigin vali	475	211	264
Alls utan kjörfundar	758	268	480
Aðstoð kjörstjóra	548	190	348
Aðstoð fulltrúa að eigin vali	210	78	132
Alls á kjörfundi	381	189	192
Aðstoð kjörstjóra	116	56	60
Aðstoð fulltrúa að eigin vali	265	133	132

 Hagstofa Íslands

Aðstoð við kosningu

Gerðar voru breytingar á kosningalögum með lögum nr. 112/2021 um aðstoð við kosningu sem tóku gildi 1. janúar 2022. Kjósendur, sem lögin taka til, hafa nú með tilteknum skilyrðum sjálfir rétt til að ákveða hver aðstoði þá við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og á kjörfundi. Hagstofan óskaði eftir svörum við eftirfarandi spurningum frá yfirkjörstjórnnum varðandi aðstoð við kosningu á kjördag og hjá sýslumönnum varðandi aðstoð við kosningu utan kjörfundar:

1. Hve margir kjósendur nutu aðstoðar kjörstjóra við kosningu á kjörfundi?
2. Hve margir kjósendur nutu aðstoðar aðstoðarmanns sem fylgdi kjósanda á kjörstað?

Alls 1.139 kjósendur fengu aðstoð við kosningu

Í heild fengu 1.139 kjósendur aðstoð við að kjósa (mynd 2). Af þessum hópi fengu 758 aðstoð við að kjósa utan kjörfundar en 381 á kjörfundi. Alls fengu 664 kjósendur aðstoð kjörstjóra/kjörstjórnarmanns við að kjósa (58,3%) en 475 aðstoð fulltrúa að eigin vali (41,7%). Á heildina litið voru mun fleiri kjósendur sem nú nutu aðstoðar við kosningu en við forsetakosningarnar 2020 (fjölgaði um 647).

Kosningabátttaka

Hverjir mega kjósa?

Samkvæmt nýjum kosningalögum frá 25. júní 2021 á hver íslenskur ríkisborgari 18 ára og eldri með skráð lögheimili á Íslandi kosningarétt við alþingiskosningar, forsetakosningar og þjóðaratkvæðagreiðslur. Íslenskur ríkisborgari sem hefur átt lögheimili á Íslandi á kosningarétt í sextán ár frá því að hann flytur lögheimili af landinu. Danskir ríkisborgarar sem búsettir voru á Íslandi 6. mars 1946 eða einhvern tímann á síðustu 10 árum fyrir þann tíma eiga kosningarétt samkvæmt lögum nr. 85/1946. Aðrir erlendir ríkisborgarar eiga ekki kosningarétt við alþingiskosningar, forsetakosningar eða í þjóðaratkvæðagreiðslum og geta því ekki kosið.

Kjörskrárstofn

Þjóðskrá Íslands lætur sveitarstjórnunum í té stofn að kjörskrá, svonefndan kjörskrárstofn, sem þær gera svo úr garði að úr verður gild kjörskrá. Kjörskrá skal leggja fram almenningi til sýnis eigi síðar en 38 dögum fyrir kjördag og ber að leiðrétta kjörskrá, ef við á, fram á kjördag. Með endanlegri kjörskrá hefur verið tekið tillit til fjölda látinna og þeirra sem fengið hafa nýtt ríkisfang eftir að kjörskrárstofn var unninn svo og annarra leiðréttinga sem gerðar hafa verið á kjörskrárstofninum.

Fjöldi kjósenda á kjörskrá samkvæmt kjörskrárstofni sem Þjóðskrá Íslands auglýsti með frétt þann 7. maí 2024 var 266.935 eða 334 fleiri en á endanlegri kjörskrá að loknum kosningum.

Kjósendur á kjörskrá


Þegar gerðar höfðu verið þær breytingar á kjörskrárstofni fram að kjördegi sem heimilt var að gera reyndust 266.778 manns vera á endanlegri kjörskrá eða 69,1% allra landsmanna. Í forsetakosningunum 2020 var sama hlutfall 69,2%. Síðasta stóra breytingin á kosningarétti landsmanna var samþykkt árið 1984 þegar kosningaaldur var lækkaður úr 20 árum í 18 og fleiri takmarkandi þættir á kosningarétti rýmkaðir.

Kosningabátttaka 80,8%

Í forsetakosningunum 2024 greiddu 215.635 kjósendur atkvæði í 63 sveitarfélögum eða 80,8% af þeim 266.778 sem voru þar á kjörskrá. Kosningabátttakan var um 14 prósentustigum meiri en árið 2020 þegar hún var 66,9% (mynd 3). Mest hefur bátttaka í forsetakosningum orðið 92,2%, árið 1968 þegar Kristján Eldjárn varð forseti.

MYND 3

Kosningabátttaka við forsetakjör 1952-2024




Hagstofa Íslands

MYND 4

Kosningabátttaka í forsetakosningum 2024

Eftir aldri og kyni



Hagstofa Íslands

Kosningabátttaka kvenna meiri en karla

Í kosningunum 2024 greiddu 104.322 karlar, 111.224 konur og 98 kynsegin/annað atkvæði. Voru karlar 48,4% þeirra sem greiddu atkvæði, konur 51,6% og kynsegin 0,05%. Kosningabátttaka karla var 78,4% (62,4% árið 2020) og kvenna 83,4% (71,5% árið 2020). Hefur kosningabátttaka kvenna verið meiri en karla í forsetakosningum allt frá 1980 og í alþingiskosningum frá 1995. Áður var kosningabátttaka karla ávallt meiri en kvenna.

Kjörsókn eftir aldri

Eins og getið er nánar um á blaðsíðu 9 aflaði Hagstofa Íslands upplýsinga um kjörsókn eftir aldri við forsetakosningarnar frá yfirkjörstjórnnum á grundvelli nýrra kosningalaga frá 2021. Óskað var eftir upplýsingum um alla kjósendur.

Kosningabátttakan við forsetakosningarnar var breytileg eftir aldri en jókst almennt með hækkandi aldri (mynd 4). Hún var minnst hjá aldurshópnum 18–19 ára (69,1%) og næst minnst hjá 20–24 ára (71,5%). Hæst var hlutfallið hjá 70–74 ára (90,3%) en lækkaði síðan með hækkandi aldri úr því. Þróunin var svipuð hjá körlum og konum hvað þetta varðar en meiri bátttaka var á meðal kvenna en karla í öllum aldurshópum nema 80 ára og eldri.

Kosningabátttaka eftir bakgrunni

Í fyrsta sinn síðan Hagstofa Íslands hóf miðlun kosningaskýrsla er nú gerð greining á bakgrunni þeirra sem tóku þátt í forsetakosningunum 2024. Kosningabátttakan var mest á meðal kosningabærra einstaklinga sem engan erlendan bakgrunn hafa eða 83,9% (mynd 5). Næstmest bátttaka var hjá þeim sem eru fæddir erlendis og báðir foreldrar fæddust á Íslandi (76,1%). Kosningabátttakan var minni hjá einstaklingum sem fæddir eru á Íslandi og annað foreldri fæddist erlendis (68,6%) og hjá þeim sem fæddir eru erlendis og annað foreldri fæddist erlendis (51,8%). Minnst var kosningabátttakan hjá þeim sem fæddust á Íslandi og báðir foreldrar fæddust erlendis (43,2%) og á meðal innflytjenda eða 42,1%. Innflytjandi er einstaklingur sem fæddur er erlendis og á foreldra, afa og ömmur sem öll eru fædd erlendis. Fjöldi innflytjenda sem kosningarétt höfðu og voru á kjörskrá 1. júní 2024 var 3.442.

MYND 5

Kosningabátttaka í forsetakosningum 2024

Eftir bakgrunni og kyni

	Alls	Karlar	Konur
Enginn erlendur bakgrunnur	83,9%	81,4%	86,5%
Fæddist erlendis, báðir foreldrar fæddust á Íslandi	76,1%	72,9%	79,3%
Fæddist á Íslandi, annað foreldri fæddist erlendis	68,6%	65,3%	72,3%
Fæddist erlendis, annað foreldri fæddist erlendis	51,8%	48,2%	55,3%
Fæddist á Íslandi, báðir foreldrar fæddust erlendis	43,2%	38,5%	47,7%
Innflytjandi	42,1%	35,8%	46,2%

Hagstofa Íslands

Kjörsókn eftir stærð sveitarfélaga

Af einstökum sveitarfélögum var kosningabátttakan minnst í Grindavíkurbæ, 73,2%, en mest í Grýtubakkahreppi, 90,2%. Almenna reglan reyndist vera sú að því fámennara sem sveitarfélagið er því meiri var bátttakan (mynd 6). Þannig var hún mest á meðal sveitarfélaga þar sem íbúafjöldinn var 999 eða færri eða 85,4% að meðaltali. Kjörsóknin var litlu minni eða 83,5% í sveitarfélögum með 1.000 – 1.999 íbúa og 82,7% í sveitarfélögum með 2.000 – 4.999 íbúa. Bátttakan var komin niður í 81,9% í sveitarfélögum með 5.000 – 9.999 íbúa og fór niður í 81,2% í stærstu sveitarfélögunum með 10.000 – 99.999 íbúa. Einungis eitt sveitarfélag er með 100.000 íbúa eða fleiri en það er Reykjavík og þar var kosningabátttakan minni en í næstfjölmennasta flokknum eða 78,6%.

25,0% atkvæða utan kjörfundar


Kjósandi sem gerir ráð fyrir að vera fjarverandi á kjördag eða getur ekki sótt kjörfund af öðrum ástæðum hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar samanber 67. greinar kosningalaga (XII. kafli. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar).

Af þeim sem greiddu atkvæði í forsetakosningunum 2024 skiluðu 43.151 manns atkvæði sínu utan kjörfundar eða 25,0% kjósenda (mynd 7). Í forsetakosningunum 2020 var hlutfallið 31,1% en þess ber að geta að Covid-19 faraldurinn gekk þá yfir landið sem skýrir eflaust það að fleiri nýttu sér kosningu utan kjörfundar það ár. Fleiri konur en karlar greiddu atkvæði utan kjörfundar, 26,5% á móti 23,4% karla. Hlutfall kynsegin/annars reyndist vera nokkru lægra eða 18,1%. Hæst var hlutfall utankjörfundaratkvæða í Reykjavíkurborg norður, 27,3%, en lægst 20,2% í Norðvesturkjördæmi. Hlutfall utankjörfundaratkvæða af kjósendum á kjörskrá fyrir landið í heild var 16,2% árið 2024 samanborið við 20,8 árið 2020.

MYND 6

Kosningabátttaka í forsetakosningum 2024


Eftir kyni og stærð sveitarfélaga


 Hagstofa Íslands

MYND 7

Greidd utankjörfundaratkvæði í forsetakosningum 2024

Hlutfall af greiddum atkvæðum, %


 Hagstofa Íslands

Atkvæðatölur

Hlutfall auðra og ógildra seðla

Í forsetakosningunum 2024 voru greidd samtals 215.635 atkvæði og þar af töldust gildir atkvæðaseðlar 214.320. Auðir seðlar voru 803 og aðrir ógildir 512, samanlagt 1.315 atkvæði sem svarar til 0,6% af greiddum atkvæðum (mynd 8). Er þetta mun lægra hlutfall en í forsetakosningum 2020 (3,0%). Hefur þetta hlutfall að jafnaði verið á bilinu 0,9%–3,2% frá 1952–2020. Undantekningin er árið 2004 en það ár var hlutfall auðra og ógildra seðla 21,2%.

MYND 8

Gild atkvæði, auðir og ógildir seðlar í forsetakosningum 1952–2024

	Gild atkvæði	Auðir seðlar	Ógildir seðlar
1952	96,8%	2,8%	0,4%
1968	99,1%	0,7%	0,2%
1980	99,6%	0,3%	0,1%
1988	98,0%	1,7%	0,3%
1996	98,7%	0,9%	0,4%
2004	78,8%	20,6%	0,6%
2012	97,5%	2,2%	0,3%
2016	98,5%	1,1%	0,4%
2020	97,0%	2,4%	0,6%
2024	99,4%	0,4%	0,2%

 Hagstofa Íslands

Fyrri forsetakjör

Frá stofnun lýðveldisins 17. júní 1944 til 1. júní 2024 höfðu sex gegnt embætti forseta Íslands:

- Sveinn Björnsson 1944–1952
- Ásgeir Ásgeirsson 1952–1968
- Kristján Eldjárn 1968–1980
- Vigdís Finnbogadóttir 1980–1996
- Ólafur Ragnar Grímsson 1996–2016
- Guðni Th. Jóhannesson 2016–2024

Sveinn Björnsson, fyrsti forseti Íslands (f. 27. janúar 1882, d. 25. janúar 1952), var þingkjörinn til embættisins við stofnun lýðveldisins 1944. Hann var síðan þjóðkjörinn tvívegis án atkvæðagreiðslu, enda einn í framboði, árin 1945 og 1949. Hann gegndi embætti forseta til dauðadags.

Ásgeir Ásgeirsson (f. 13. maí 1894, d. 15. september 1972) var kjörinn forseti í kosningum 29. júní 1952 og endurkjörinn þrisvar án atkvæðagreiðslu, árin 1956, 1960 og 1964.

Kristján Eldjárn (f. 6. desember 1916, d. 14. september 1982) var kjörinn forseti í kosningum 30. júní 1968 og endurkjörinn tvisvar án atkvæðagreiðslu, árin 1972 og 1976.

Vigdís Finnbogadóttir (f. 15. apríl 1930), gegndi embættinu fjögur kjörtímabil. Hún var fyrst kjörin forseti í kosningunum 29. júní 1980. Árin 1984 og 1992 var hún sjálfkjörin en árið 1988 var hún hins

vegar ekki ein í kjöri til embættisins. Var Vigdís endurkjörin forseti í kosningunum 25. júní 1988. Hafði forseti Íslands ekki áður verið endurkjörinn í kosningum.

Ólafur Ragnar Grímsson (f. 14. maí 1943) var fyrst kjörinn í embætti forseta í kosningunum 29. júní 1996 og gegndi embættinu í fimm kjörtímabil. Árin 2000 og 2008 var hann sjálfkjörinn. Í kosningunum 2004 voru tveir aðrir í kjöri og í kosningunum 2012 voru fimm aðrir frambjóðendur til forsetakjörs. Í bæði skiptin var Ólafur Ragnar endurkjörinn sem forseti Íslands.

Guðni Th. Jóhannesson sjötti forseti Íslands (f. 26. júní 1968) var kjörinn forseti í kosningum 25. júní 2016 og endurkjörinn 27. júní 2020. Í kosningunum 2016 voru níu í kjöri sem var hæsti fjöldi frambjóðenda í forsetakjöri hér á landi fram til ársins 2024 þegar tólf voru í kjöri.

Um gögnin

Löng hefð er fyrir því að Hagstofa Íslands taki saman skýrslur um almennar kosningar á Íslandi. Í 126. grein laga um kosningar til Alþingis nr. 112/2021 er sérstakur kafli um hagskýrslugerð þar sem meðal annars kemur fram að Hagstofunni sé heimilt að vinna upplýsingar um kosningar, aðstoð á kjörstað og kjörsókn eftir kyni, aldri, ríkisfangi, búsetu og öðrum þeim breytum sem varpað geta ljósi á kjörsókn og framkvæmd kosninga.

Í aðdraganda forsetakosninganna 1. júní 2024 lét Hagstofa Íslands kjörstjórnnum og yfirkjörstjórnnum í té eyðublöð til útfyllingar vegna skýrslugerðar um niðurstöður kosninganna. Leitað var eftir upplýsingum um fjölda kjörstaða og kjördeilda, fjölda kjósenda eftir kyni, fjölda greiddra atkvæða á kjörfundi, fjölda greiddra utankjörfundaratkvæða og loks heildarfjölda atkvæða. Að loknum kosningum tóku yfirkjörstjórnir saman yfirlit sem Hagstofa Íslands fékk til sinnar skýrslugerðar og liggur til grundvallar þessu riti.

Hagstofa aflaði jafnframt upplýsinga frá yfirkjörstjórnnum um aðstoð við kosningu á kjörfundi og frá sýslumönnum um aðstoð við kosningu utan kjörfundar.

Gagnasöfnun um kjörsókn eftir aldri

Með vísan til nýrra kosningalaga frá 2021 sendi Hagstofa nú við forsetakosningar 2024 rafræn skráningarskjöl um kjörsókn eftir aldri til yfirkjörstjórna kjördæma með ósk um að þau yrðu fyllt út að kosningum loknum og send stofnuninni. Leitast var við að minnka svarbyrði kjörstjórna og að hafa persónuverndarsjónarmið í fyrirrúmi við söfnun upplýsinga og úrvinnslu. Fjögur sveitarfélög skiluðu ekki aldursgreindum gögnum til Hagstofunnar en það voru sveitarfélögin Eyja- og Miklaholtshreppur, Árneshreppur, Skagabyggð og Bolungarvíkurkaupstaður.

Nokkur skekkja reyndist vera í kjörsókn eftir aldri þegar hún var borin saman við grunnskýrslur frá yfirkjörstjórnnum hvað kosningabátttöku varðar hjá þeim sveitarfélögum sem skiluðu inn gögnum. Þannig reyndist kosningabátttakan eftir aldri vera 0,1% minni yfir landið í heild en hún í raun var miðað við grunntölur frá yfirkjörstjórnnum. Munaði þar mestu um skekkju í tölum frá sveitarfélaginu Hveragerði en þar reiknaðist kosningabátttakan eftir aldri vera 5,6% minni en hún í raun var miðað við grunntölur yfirkjörstjórnar. Skekkja yfir 1% reyndist vera í eftirfarandi sveitarfélögum: Sveitarfélaginu Árborg (2,4%), Húnaþingi vestra (1,7%), Sveitarfélaginu Vogum (1,4%), Ásahreppi (-1,7%) og Rangárþingi ytra (-1,2%). Skekkjan var minni í öðrum sveitarfélögum. Sama skekkja er undirliggjandi í gögnum um kosningabátttöku eftir bakgrunni.

Munur milli skýrslna yfirkjörstjórna til Hagstofu og kosningaskýrslu landskjörstjórnar

Heildarfjöldi talinna atkvæða við forsetakjörið var 215.635. Samkvæmt kosningaskýrslum yfirkjörstjórna sem skilað var til Hagstofu var fjöldi greiddra atkvæða á kjörfundi og utan kjörfundar alls 215.644 eða níu atkvæðum fleiri en talin atkvæði. Munaði sjö atkvæðum í Reykjavíkurborg kjördæmi norður og tveimur atkvæðum í Reykjavíkurborg kjördæmi suður.

English Summary

According to the Constitution of Iceland the President of Iceland shall be elected by a direct vote for a period of four years, commencing 1 August of the election year. Six persons have held the office of President of Iceland since the Establishment of the Republic 17 June 1944 until 1 August 2024.

A presidential election was held in Iceland 1 June 2024. The total number of voters on the electoral roll was 266,778 or 69.1% of the total population. Participation of voters in the election was 215,635 or 80.8%. Participation of male voters was 78.3%, female voters 83.3% and binary/others 67.1%. The participation in previous presidential elections was highest in 1968, 92.2% but lowest in 2004, 62.9%.

The number of absentee votes in the presidential election now, was 43,151 votes or 25.0% of votes cast which was lower than in 2020 when it was 31.1%.

Twelve candidates took part in the election. Valid votes were 214,320, blank ballots 512 and void ballots 803. The results of the election were as follows:


- Arnar Þór Jónsson 10,881 votes (5.1%)
- Ásdís Rán Gunnarsdóttir 394 votes (0.2%)
- Ástþór Magnússon Wium 465 votes (0.2%)
- Baldur Þórhallsson 18,030 votes (8.4%)
- Eiríkur Ingi Jóhannsson 101 votes (0%)
- Halla Hrund Logadóttir 33,601 votes (15.7%)
- Halla Tómasdóttir 73,184 votes (34.1%)
- Helga Þórisdóttir 275 votes (0.1%)
- Jón Gnarr 21,634 votes (10.1%)
- Katrín Jakobsdóttir 53,980 votes (25.2%)
- Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir 1,383 votes (0.6%)
- Viktor Traustason 392 votes (0.2%)

Halla Tómasdóttir was thus elected President of Iceland for the period 1 August 2024 until 31 July 2028.

FIGURE 1

Results of the presidential election 2024


Percentage of valid votes



Statistics Iceland

FIGURE 2


Voters receiving assistance in the presidential elections 2024



Statistics Iceland

FIGURE 3

Participation in presidential elections 1952-2024




Statistics Iceland

FIGURE 4

Participation in the presidential elections 2024

By age and sex




Statistics Iceland

FIGURE 5

Participation in the presidential elections 2024

By origin and sex




Statistics Iceland

FIGURE 6

Participation in the presidential elections 2024

By size of municipality and sex




Statistics Iceland

FIGURE 7

Absentee votes cast in the presidential elections 2024

By sex and constituencies




Statistics Iceland

FIGURE 8

Valid, blank and void ballots

In presidential elections 1952-2024



Statistics Iceland

Hagtíðindi Kosningar

Statistical Series *Elections*

109 árg. ♦ 8 tbl. 12. nóvember 2024

ISSN 1670-4770 Umsjón *Supervision*

Brynjólfur Sigurjónsson ♦ Brynjolfur.Sigurjonsson@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* ♦ Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is ♦ www.statice.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.